



200. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 26. sept. 2018 kl. 09:30.

Mætt: Elín Einarsdóttir, Estelle Marie Burgel (fulltrúi foreldra) boðaði forföll, Haraldur Eiríksson Ingvar Pétur Guðbjörnsson (boðaði forföll vegna veikinda), Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Kristjana Hrund Bárðardóttir (fulltrúi kennara), Matthías Bjarnason (fulltrúi nemenda), Sigursveinn Már Sigurðsson og Þórarinn Ingólfsson.

Jón G. Valgeirsson setti fundinn í fjarveru Ingvars.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 199. fundar var lögð fyrir og samþykkt án athugasemda.

2. Fjármál – HE/SMS

Yfirlit yfir fjármálin og horfur í þeim efnum. Haraldur fjármálastjóri lagði fram yfirlit yfir afkomu ársins 2017 og sýndi það yfirlit að staða skólans er jákvæð. Hann sýndi einnig hvernig staðan er núna í ágúst og er hún frekar neikvæð miðað við það sem áður var. Yfirlitið gefur ekki alveg rétta mynd og talaði Haraldur um að hann væri með nákvæmari tölur eftir hálfan mánuð. Næstu verk tengjast því að gera áætlun fyrir komandi ár.

3. Upphaf annar – SMS/PI

a. Húsnæði

Notkun á íþróttahúsinu hefur breyst í tengslum við komu handboltans í Iðu. Ýmis mál hafa komið upp í tengslum við breytinguna. Ýmsar lagfæringar hafa verið framkvæmdar í sumar í Hamri. Ennþá á eftir að ganga frá hljóðvistun í trédeildinni. Í Odda hefur verið unnið að breytingum á ljósritunarherbergi (Skúlaskeiði). Þar hefur verið unnið að því að koma fyrir nýju fundarherbergi. Hvíldaaðstaða fyrir starfsfólk hefur verið útbúin í Odda stofu 200.

b. Starfsmannamál

Það gekk illa að fá kennara í verknám en þó fengust einn í rafmagnið og einn í trésmíðina. Kórstjórinn hefur látið af störfum við skólann vegna þess að kórinn hefur verið lagður niður. Ráðnir voru kennarar í afleysingar vegna orlofsmála kennara. Einn sviðsstjóri hefur verið að vinna sérstaklega að námskrármálum. Persónuverndarfulltrúi hefur verið ráðinn við skólann vegna nýrra persónuverndarlaga. Unnið hefur verið að málalykli við skólann og hefur bókasafnsfræðingur skólans séð um þau mál. Sálfræðiþjónusta er í boði við skólann á þessu skólaári og eru sálfræðingar til viðtals þrisvar sinnum í viku hálfan dag í senn.

c. Nemendur

Nemendur eru núna 782 og eru það fleiri en voru á sama tíma í fyrra. Heldur fleiri eru í fjarnámi úr 10. bekkjum grunnskóla.

d. Nám og kennsla

Breytingar hafa verið gerðar á kjarna til stúdentsprófs og hefur valið verið minnkað. Grunnmenntabréf hefur verið samþykkt sem og starfsbraut. Stefnt er að því að reyna að ljúka við ákveðna vinnu sem tengist námskrármálunum á skólaárinu. Grunnnámi hársnyrtiðnar lýkur núna um jólin og er ekki ákveðið með framhaldið. Kennsluumhverfið Inna er núna



notað í stað Moodle sem hefur verið notað við skólann. Misjafnt er hvernig kennurum líkar þessi breyting. Grænfáninn er í umsóknarferli.

e. Fablab

Smíðjan er farin af stað í Hamri og er FSu með einn áfanga í Fablab. Að öðru leyti er Fablab samvinnuverkefni nokkurra aðila á svæðinu (Héraðsnefnd Árnesinga, Háskólafélag Suðurlands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og FSu). Stefnt er að formlegri opnun á rýminu núna í nóvember.

f. Erlend samskipti og heimsóknir

Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum í tengslum við erlend samskipti bæði hafa gestir komið í skólann og fólk farið frá FSu til útlanda.

g. Foreldrakynning

Foreldrar nýnema fengu kynningu á skólanum þriðjudaginn 4. september.

4. Önnur mál

a. Félagslíf nemenda – MB

Matthías formaður nemendaráðs sagði frá því helsta sem fram hefur farið á vegum NFSu. Fram kom í máli hans að kraftur hafi verið í starfinu og vel hafi verið mætt á það sem hefur verið í boði. Samvinna er með NFSu og ML vegna danleikja hjá NFSu. Söngkeppni verður 8. nóvember. Staða NFSu fjárhagslega er í nokkuð góðu lagi. Unnið er að því að fá afsláttarkort fyrir félagi í nemendafélaginu. Unnið verður að forvarnarmálum í októbermánuði í samvinnu við skólann.

b. Áherslur skólanefndar í vetur

Þessum lið er frestað til næsta fundar.

Næsti fundur er fyrirhugaður 21. nóvember kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:05

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson